

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra og styður eindregið tillöguna.

FEB minnir á “lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 Lögin fela í sér þau markmið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er og að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir hvers og eins.”

FEB telur ærna ástæðu til að nýta og þiggja alla þá krafta sem geta lagt öldruðum lið í þeim fjölmörgu málaflokkum sem snúa að velferð aldraðra, þmt þeim mikla frumskógi sem ríkir á sviði skatta-, trygginga- og heilbrigðismála. Einnig má bæta við flókinni uppbyggingu lífeyrissjóða sem erfitt er fyrir marga að átta sig á.

FEB telur mjög brýnt að hagsmunafulltrúi vinni hörðum höndum að því að stöðva tvísköttun á útgreiðslur úr lífeyrissjóðum ásamt því að dregið verði úr tekjutengingum almannatrygginga og frítekjumörk hækkuð.

Það er því full ástæða að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum aldraðra og leiðbeina öldruðum um réttindi sín. FEB leggur sérstaka áherslu á að eftirlaunafólk búi við fjárhagslegt öryggi. FEB berst fyrir að öldruðum verði tryggð þjónusta við hæfi hvort sem um andlega, félagslega eða líkamlega þjónustu er að ræða.

Ef frekari upplýsinga eða skoðana er óskað er FEB ávallt tilbúið til viðræðna.

Reykjavík, 22. október 2019.

Fyrir hönd Félags eldri borgara,

Sigríður Snæbjörnsdóttir
varaformaður

Ágæti viðtakandi

Félag eldri borgara í Reykjavík, styður 69 mál frá nefndarsviði Alþingis

Með bestu kveðju.

Jóhanna Ragnarsdóttir



VIÐ STÖNDUM VÖRÐ UM ÞÍNA HAGSMUNI

FEB - Stangarhyl 4 - 110 Reykjavík - Sími 5882111 - feb@feb.is - feb.is - 



LEB

Landssamband eldri borgara

Svar við erindi frá Velferðarnefnd

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Reykjavík 30 sept 2019

Umsögn um: Tillaga til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra

Þingskjal 150 - 69.mál.

Landssamband eldri borgara hefur á undanförunum árum ítrekað lagt áherslu á að fá umboðsmann aldraðra við litlar undirtektir á Alþingis.

Nú um þessar mundir er stefna LEB að til verði staða Réttargæslumans eldri borgar sem við teljum góða lausn.

Stefna LEB er að semja um það í nýjum starfshóp um okkar málefni sem nýlega var skipuð af félagsmálaráðherra.

Viðringarfyllst

Formaður LEB

Þórunn Sveinbjörnsdóttir



Reykjavíkurborg
Þjónusta fyrir þig

Reykjavík, 14. október 2019
R19100324

Alþingi - nefndasvið

Efni:

***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um
hagsmunafulltrúa aldraðra, 69. mál***

á fundi öldungaráðs 7. október s.l. var tekið fyrir erindi frá nefndarsviði Alþingis dags. 26. september 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um
hagsmunafulltrúa aldraðra, 69. mál. Öldungaráð þakkar fyrir það tækifæri og samþykkti
svohljóðandi umsögn:

Öldungaráð fagnar tillögunni en með henni er lagt til að fela félags- og barnamálaráðherra herra að leggja fyrir árslok 2020 fram frumvarp til laga um embætti hagsmunafulltrúa aldraðra. Ráðið tekur undir þau sjónarmið sem reifuð eru í greinargerð með tillögunni um að lög og reglur um málefni aldraðra eru flókin, ekki síst á sviði skatta, almannatrygginga og heilbrigðismála. Þá sé þjónusta við aldraða ýmist á höndum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila og tilkoma embættis hagsmunafulltrúa aldraðra sem myndi meðal annars hafa góða yfirsýn yfir regluverk um málefni aldraðra á öllu landinu, sinna hagsmunagæslu og leiðbeint um réttindi þeirra og skyldur, yrði því jákvæð.

Hins vegar telur ráðið að hagsmunagæsla slíks hagsmunafulltrúa yrði að takmarkast við lög og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Ráðið gerir því athugasemd við orðalag í eftirfarandi setningu í greinargerðinni:

„Hagsmunafulltrúa aldraðra ber að hafa frumkvæðiseftirlit með persónulegum högum allra eldri borgara, sérstaklega með tilliti til að koma í veg fyrir félagslega einangrun, næringarskort og almennt bágan aðbúnað þeirra.”

Skýra þurfi betur hvað felist í frumkvæðiseftirliti sem vísað er til og hvaða heimildir hagsmunafulltrúinn myndi hafa við eftirlitið.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Alþingi
nefndarsvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2019

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra, 69. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 26. september sl. þar sem Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu er gefinn kostur á umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra, 69. mál.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu lýsa yfir ánægju sinni með framkomna þingsályktunartillögu og taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram um þörf fyrir umboðsmann eða málsvara fyrir eldri borgara í samfélaginu, sem gætir hagsmuna þeirra og leiðbeinir þeim í því flókna kerfi sem er til staðar í málaflokknum. Slík þingmál hafa áður verið lögð fram á Alþingi, í misjafnri útfærslu og af ýmsum þingmönnum og telja samtökin mikilvægt að það hljóti brautargengi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri